

16
7. maí

L Ö G

um

breyting á lögum nr. 16, 13. júní 1925, um breyting á 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

G j ö r u m k u n n u g t: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í stað orðanna „til ársloka 1928“ í niðurlagi 1. gr. laganna komi: til ársloka 1930.

2. gr.

Embættismenn, sem búsettir eru í sveitum, skulu njóta sömu dýrtíðaruppbótar sem aðrir.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.

Undir Vorri kónunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús J. Kristjánsson.